



Viðmiðanir vegna samningagerðar og gjaldfrjálsra afnota íþróttafélaga af líkamsræktarstöðvum

Samningar við íþróttafélög, björgunarsveitir, slökkvilið og skóla.

Samstarfssamninga er unnt að gera við íþróttafélög, björgunarsveitir, slökkvilið og skóla þar sem gefinn er afsláttur af gjaldskrá. Líkamsræktarstöðvarnar skulu samræma samningana milli stöðva. Afslátt skal aðeins gefa af kortum.

Íþróttafélög:

1. Börn yngri en 15 ára fá ekki aðgang að líkamsrækt, hvorki með né án þjálfara.
2. Þjálfari getur farið með hóp iðkenda, eldri en 15 ára, í líkamsrækt utan álagstíma. Skilyrði að samráð sé haft við forstöðumann viðkomandi íþróttamiðstöðvar um tímasetningar og fjölda skipta.
3. Iðkendur í meistaraflokki geta farið einir í líkamsrækt, en þó með skilyrðum. Að meistaraflokkur keppi á Íslandsmóti. Einungis væri um sterkasta liðið að ræða, ekki iðkendur í b og c liði. Gjaldfrjálsir notendur mæti utan álagstíma og forstöðumaður geti sett þak á fjölda tíma á viku.
4. Meistaraflokks þjálfarar geta beðið um frían aðgang að sundlaugum tímabundið vegna meiðsla iðkenda. Forstöðumaður metur hvert tilvik fyrir sig.
5. Almenna reglan er sú að iðkendur fari ekki gjaldfrjálst í sund og pott nema með heimild forstöðumanns. Meistaraflokksíðkendur geti þó enn farið í ísböð eftir leiki.
6. Ef veita á einhverjar undanþágur frá undangreindum reglum verður sérstök beiðni frá meistaraflokksþjálfara að berast um slíkt (t.d. vegna landsliðsverkefnis ungmennis). Forstöðumaður ákveður hvort verða eigi við beiðni.
7. Íþróttafélög geta keypt kort fyrir þjálfara sína með allt að 25% afslætti. Þjálfari getur einnig annast kaupin hafi hann staðfestingu formanns/gjaldkera félagsins. Félagar í íþróttafélagi sem stunda æfingar fyrir keppnisíþróttir njóta sama afsláttar og veittur er fyrir nemendur í framhaldsskóla eða árskort með sömu skilyrðum og björgunarsveitirnar.
8. Það á ekki að vera á ábyrgð starfsfólks íþróttamiðstöðva að sannreyna hverjir séu gjaldfrjálsir iðkendur og hverjir ekki. Meistaraflokksþjálfarar eiga að koma nöfnum sinna iðkenda til íþróttamiðstöðvanna. Ef einstaklingur er ekki á lista fær hann ekki frían aðgang nema með leyfi forstöðumanns.

Björgunarsveitir geta keypt árskort fyrir útkallshóp með allt að 45% afslætti ef greitt er fyrir allan hópinn annars með allt að 25% afslætti. Sýna skal staðfestingu formanns/gjaldkera sveitarinnar greiði einstaklingur kortið.

Slökkvilið getur keypt árskort fyrir útkallshóp með allt að 45% afslætti ef greitt er fyrir allan hópinn annars með allt að 25% afslætti.

Skólar: Nemendur í grunn- og framhaldsskóla geta keypt kort fyrir haust- og vorönn á sérstöku tilboðsgjaldi. Afsláttur skal þó aldrei vera meiri en 45% af uppsettri gjaldskrá.

Samþykkt af fræðslu- og frístundanefnd 13. febrúar 2013